

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, 29. mars 2007, í máli nr. Y-8/2006:

Helgi Jónsson

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

Lánasjóði íslenskra námsmanna

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl.)

Í máli þessu er borin undir héraðsdóm aðfarargerð sem sýslumannsembættið í Reykjavík gerði hjá sóknaraðila hinn 14. desember 2006. Beiðni sóknaraðila var móttækin í Héraðsdómi Reykjavíkur 21. desember 2006. Málið var þingfest 12. janúar 2007 og tekið til úrskurðar að lokinni aðalmeðferð 1. mars 2007.

Sóknaraðili er Helgi Jónsson, [...], Bauganesi 44, 101 Reykjavík.

Varnaraðili er Lánasjóður íslenskra námsmanna, [...], Borgartúni 21, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess að aðfarargerð, nr. 011-2006-16882, sem framkvæmd var 14. desember 2006 af sýslumanninum í Reykjavík, gegn sóknaraðila, verði felld úr gildi. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst sýknu af öllum kröfum sóknaraðila. Jafnframt krefst hann málskostnaðar.

Í aðfararbeiðni varnaraðila var krafist endurupptöku aðfarargerðar hjá sóknaraðila í eignarhlut hans í fasteigninni Bauganesi 44, fastanúmer 202-9607, Reykjavík. Krafa varnaraðila studdist við fjárnám sem gert var hjá sóknaraðila hinn 10. október 2000, sbr. 1. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu og 5. tl. 1. mgr. 66. gr. aðfararlaga, nr. 90/1989. Er krafan sögð að höfuðstól 1.229.502 krónur, en sögð nema samtals 5.130.710 krónum, en samkvæmt leiðréttingu á endurupptökubeiðni, dagsettri 14. desember 2006, 2.378.419 krónur. Fjárnám var gert á skrifstofu sýslumanns 14. desember 2006. Sóknaraðili mætti ekki. Var fjárnám gert í þinglesinni eign sóknaraðila.

II

Aðfararheimildin í málinu er árituð stefna í héraðsdómsmáli milli varnaraðila og sóknaraðila fyrir höfuðstól 1.030.924 krónur auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Málið var þingfest 19. mars 1996 og stefna árituð 29. apríl 1996 um aðfararhæfni dómkrafna ásamt málskostnaði, 25.000 krónur. Til skuldarinnar hafði verið stofnað með útgáfu skuldabréfa árin 1985 til 1988. Hinn 10. október 2000 gerði varnaraðili fjárnám hjá sóknaraðila í fasteigninni Bauganesi 44 Reykjavík. Varnaraðili óskaði eftir nauðungarsölu í eigninni sem var seld á nauðungaruppboði 3. október 2001, án þess að greiðsla kæmi upp í fjárnámskröfuna. Krafa varnaraðila nam 1.380.934 krónum þegar fjárnámið fór fram hinn 10. október 2000. Fyrir liggur að afsal fyrir fasteigninni Bauganesi 44 til handa sóknaraðila var svo ekki fært inn í þinglýsingarbók fyrr en hinn 4. desember 2006. Sóknaraðili var því ekki skráður fyrir fasteign eða vitað um aðrar eignir sem dygðu til tryggingar og fullnustu kröfu varnaraðila á þeim tíma.

Varnaraðili óskaði svo eftir endurupptöku aðfarar hinn 6. nóvember 2006, sem lauk með fjárnámi hinn 14. desember 2006 í fasteign sóknaraðila að Bauganesi 44. Krafa varnaraðila nam samkvæmt endurupptökubeiðninni 5.130.710 krónum. Varnaraðili lagði fram nýjan útreikning hinn 14. desember 2006 og krafa varnaraðila talin 2.378.419 krónur, en þá var málskostnaður þar talinn 69.507 krónur, en samkvæmt árituðu stefnunni er hann kr. 25.000.

Við gerðina mótmælti sóknaraðili kröfum varnaraðila á þeim forsendum að krafan væri fyrnd eða fallin niður fyrir tómlæti, sem og dráttarvextir væru of hátt reiknaðir.

III

Sóknaraðili heldur því fram að krafa varnaraðila sé fallin niður sökum fyrningar og/eða tómlætis. Fyrningartími hinnar árituðu stefnu, sem sé aðfararheimild kröfunnar, sé 10 ár frá áritun hennar að telja hinn 29. apríl 1996. Krafan hafi því verið fyrnd þegar beiðni hafi komið fram um nýtt fjárnám hjá sóknaraðila hinn 6. nóvember 2006.

Sóknaraðili heldur því fram að varnaraðili hafi ekki uppfyllt ákvæði 52. gr. aðfararlaga um að halda málinu áfram án ástæðulauss dráttar, svo sem með því að óska eftir endurupptöku fljótlega eftir að uppboðsmálinu í Bauganesi 44 lauk í

janúar 2002.

Sóknaraðili telur tómlæti varnaraðila ótvírætt. Krafan hafi stofnast með skuldabréfum sem gefin hafi verið út árin 1985 til 1988. Vanskil hafi hafist hinn 1. september 1991 og ekkert hafi verið greitt inn á skuldina um árabíl. Stefna hafi svo verið árituð á hendur sóknaraðila sem hafi verið ábyrgðarmaður að skuldabréfunum hinn 29. apríl 1996, um fjórum og hálfu ári eftir að vanskil hófust. Fjárnám og uppboðsbeiðni séu svo dagsett 10. október 2000, fjórum árum eftir að stefnan var árituð. Frá því að uppboðsmálinu lauk í janúar 2002 séu liðin tæp fimm ár. Frá því að til skuldanna stofnaðist séu því liðin 21 ár og frá því vanskil hófust séu liðin 15 ár. Á þeim tíma hafi farið fram eitt fjárnám í fasteign sem ekki hafi borið árangur. Tómlæti varnaraðila hafi verið svo stórkostlegt að hann hafi látið undir höfuð leggjast að verða sér út um aðfararhæfa heimild til að ganga að aðalskuldara í málinu, Astrid Helgadóttur. Sóknaraðili hafi mátt ganga út frá því frá upphafi, að hann sem ábyrgðarmaður, þyrfti ekki að greiða skuld nema aðalskuldari kæmist í greiðsluþrot. Aldrei hafi hins vegar reynt á greiðslugetu aðalskuldara.

Sóknaraðili heldur því fram að hafna beri dráttarvöxtum nema í fyrsta lagi frá þeim tíma sem beiðni um endurupptöku hafi komið fram, þar sem ekki hafi verið aðhafst neitt af hálfu varnaraðila frá janúar 2002. Dráttarvextir séu of hátt reiknaðir jafnvel þótt miðað sé við 4 ár frá beiðni um endurupptöku að telja. Það sjáist á endurútreikningi sem varnaraðili hafi lagt fram, svo og því að dráttarvextir af kostnaði séu hlutfallslega hærri en dráttarvextir af höfuðstól.

Endurrit staðfestra framlagðra gagna hafi sóknaraðili fengið í hendur 19. desember 2006.

Um lagarök vísar sóknaraðili til 7. kafla laga um aðför nr. 90/1989, einkum 52. gr., laga um fyrningu nr. 14/1905, og réttarreglna um tómlæti.

IV

Varnaraðili heldur því fram að krafan sé ófyrnd og að hún sé ekki fallin niður fyrir tómlæti. Kröfu um niðurfellingu vegna fyrningar mótmælir varnaraðili sem rangri á grundvelli þess að hinn 10. október 2000 hafi verið gert fjárnám hjá sóknaraðila vegna kröfunnar og því hafi fyrning verið rofin þá, sbr. 52. gr. laga nr. 90/1989. Innheimtan hafi verið án ástæðulauss dráttar. Ekkert í gögnum málsins bendi til þess að aðfarargerð þeirri sem lokið hafi verið með fjárnámi í eignarhluta sóknaraðila í Bauganesi 44 hinn 10. október 2000, hafi ekki verið fram haldið án ástæðulauss dráttar frá því að beiðni um aðför hafi verið lögð fyrir sýslumann. Varnaraðili mótmælir röksemdum sóknaraðila um að krafan sé fyrnd, sbr. síðari málslið 52. gr. laga nr. 90/1989 þar sem ekki hafi orðið ástæðulaus dráttur á innheimtu úr hendi hans. Þá heldur varnaraðili því fram að orðalagið „án ástæðulauss dráttar“ í 52. gr. laga nr. 90/1989 geti ekki átt við varðandi þann tíma sem líði frá því að aðför hafi verið lokið og þangað til að hún sé endurupptekin með

heimild í 5. tl. 66. gr. laga nr. 90/1989, eins og gert hafi verið í þessu máli. Í millitíðinni hafi verið rekið uppboðsmál sem hafi staðið frá því að beiðni um nauðungarsölu hafi verið lögð fram hinn 17. apríl 2001 þar til húsið var selt hinn 3. október 2001, en eftir sölnuna hafi sóknaraðili verið eignalaus eftir því sem best hafi verið vitað og því engin úrræði tiltæk til þess að fullnusta kröfuna úr höndum sóknaraðila.

Varnaraðili byggir enn fremur á því að hér sé ekki um sömu aðfarargerðina að ræða og þá, sem hafi lokið hinn 10. október 2000, enda sé það beinlínis tekið fram í athugasemdum við 5. tl. 66. gr. laga nr. 90/1989 að það skipti ekki teljandi máli hvort sú aðgerð, að gerðarbeiðandi leiti fjárnáms í frekari eignum, af þeim sökum að ekki hafi tekist að fullnusta kröfuna með söluandvirði, sé nefnd endurupptaka fyrri gerðar eða verði talin ný fjárnámsgerð fyrir eftirstöðvum kröfunnar.

Varnaraðili byggir á því að orðalagið „án ástæðulauss dráttar“ í 52. gr. laga nr. 90/1989 verði ekki skilið þannig að átt sé við tímann sem líði frá því að upphaflegri aðför lauk og þangað til að endurupptöku sé krafist á grundvelli 66. gr. laga nr. 90/1989. Varnaraðili mótmæli því að krafan sé fyrnd á grundvelli 66. gr. laga nr. 90/1989, enda hafi sannarlega farið fram aðför hinn 10. október 2000 og þar með hafi fyrning verið rofin, sbr. 52. gr. laganna.

Varnaraðili byggir á því að þó ekki hafi verið óskað endurupptöku strax í kjölfar þess að uppboðsmálinu vegna Bauganess 44 hafi verið lokið í janúar 2002 reyni ekki á tómlæti. Ekki hafi verið vænlegt til árangurs fyrir hann að krefjast endurupptöku, fyrr en það hafi verið gert, vegna þess að sóknaraðili hafi ekki orðið þinglýstur eigandi fasteignarinnar í Bauganesi 44, né þinglýstur eigandi nokkurra annarra eigna, fyrr en hinn 4. desember 2006. Átta dögum síðar hafi á ný verið gert fjárnám í eignarhluta sóknaraðila í Bauganesi 44. Fráleitt sé að telja að sá tími sem leið þar til aðförin hafi verið endurupptekin, eða þjónað hafi einhverjum tilgangi að endurupptaka fjárnámið, verði talinn svo langur að um tómlæti sé að ræða sem valdi niðurfellingu kröfunnar.

Þá byggir varnaraðili á því að hann hafi viðhaldið kröfunni eftir fremsta megni en það hafi verið afar erfitt, m.a. vegna greiðsluörðugleika skuldara og ábyrgðarmanna og þeirri staðreynd að aðalskuldari hafi verið búsett á Spáni um árabil. Um sé að ræða sjálfskuldarábyrgð og því hafi það enga þýðingu varðandi gildi þeirrar aðfarargerðar sem hér sé kærð hvort fyrst hefði verið reynt að fullnusta kröfuna á hendur aðalskuldara, enda felist það í eðli sjálfskuldarábyrgðar að ekki sé nauðsynlegt að ganga á aðalskuldara áður en ábyrgðarmaður sé krafinn um greiðslu.

Málareksturinn hafi teygst á langinn, m.a. vegna þess að í kjölfar hins áritaða dóms árið 1996 hafi móðir aðalskuldara óskað eftir því að vanskilum yrði skuldbreytt yfir á skuldabréf í þeim tilgangi að koma málinu í skil. Hafi af þeim sökum verið útbúið skuldabréf af varnaraðila sem aldrei hafi verið sótt eða greitt af stimpilgjald af hálfu aðalskuldara. Svo þegar ljóst hafi verið að ítrekuð loforð aðalskuldara og aðstandenda hans um greiðslu hafi verið byggð á sandi hafi málinu verið fram haldið af varnaraðila með fjárnámi því sem framkvæmt hafi verið 10. október 2000. Jafnvel eftir að sölu Bauganess 44 hafi verið lokið, án þess að nokkuð kæmi í hlut varnaraðila, hafi á nýjan leik verið óskað eftir því af aðalskuldara að skuldabréf vegna vanskila yrði undirbúið sem greiða ætti af, í fyrsta skipti hinn 4.

janúar 2002, en eins og í fyrra skiptið hafi skuldabréfið aldrei verið sótt, aldrei verið greitt af því stimpilgjald og því aldrei byrjað að greiða af því af hálfu aðalskuldara þrátt fyrir umtalsverða eftirgangssemi.

Um lagarök vísar varnaraðili til meginreglna kröfuréttar og laga um aðför nr. 90/1989.

Kröfu um málskostnað byggir varnaraðili á 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

V

Varnaraðili leitaði fullnustu fyrir kröfu sinni hjá sóknaraðila, samkvæmt áritaðri stefnu 29. apríl 1996. Hinn 10. október 2000 var gert fjárnám hjá sóknaraðila fyrir skuldinni í fasteign hans Bauganesi 44, Reykjavík. Varnaraðili óskaði eftir nauðungarsölu á eigninni, sem var seld nauðungarsölu hinn 3. október 2001, án þess að greiðsla kæmi upp í kröfu varnaraðila. Sóknaraðili varð aftur eigandi sömu fasteignar síðar, og var afsali þinglýst á hann fyrir eigninni 4. desember 2006. Í kjölfar þess var óskað eftir endurupptöku fjárnámsgerðar hinn 6. nóvember 2006, sem lauk með fjárnámi í fasteigninni hinn 14. desember 2006.

Sóknaraðili leitar eftir að gerðin verði felld úr gildi. Byggir hann bæði á því, að krafan sé fallin niður sökum fyrningar eða tómlætis, og að ekki séu uppfyllt skilyrði 52. gr. aðfararlaga um að halda skuli máli áfram án ástæðulauss dráttar.

Í 52. gr. laga nr. 90/1989 um aðför er ákvæði um fyrningu aðfararhæfrar kröfu svohljóðandi: „Fyrning aðfararhæfrar kröfu er slitið, ef aðfararbeiðni berst héraðsdómara eða sýslumanni fyrir lok fyrningartíma og gerðinni er síðan fram haldið án ástæðulauss dráttar.“ Samkvæmt 1. tölulið 4. gr. laga nr. 14/1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, fynast dómkröfur á tíu árum. Samkvæmt því skyldi krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila fynast 29. apríl 2006.

Ljóst er af atvikum máls að fyrningarfresti var slitið þegar varnaraðili óskaði eftir aðför árið 2000.

Sóknaraðili byggir á að gerðinni hafi síðan í kjölfarið ekki verið haldið fram án ástæðulauss dráttar, þar sem varnaraðili hafi ekki aðhafst neitt í málinu í tæp 5 ár, þ.e. frá nauðungarsölu í janúar 2002, fram til 6. nóvember 2006 þegar beiðni um endurupptöku barst sýslumanni.

Í 5. tl. 66. gr. laga nr. 90/1989 er heimild fyrir endurupptöku fjárnámsgerðar ef söluandvirði hins fjárnumda við nauðungarsölu, hefur ekki hrokkið til fullrar greiðslu kröfu gerðarbeiðanda. Fyrir liggur að árið 2000 þegar fjárnám var gert hjá

sóknaraðila og fasteignin hans Bauganes 44 seld nauðungarsölu fékk varnaraðili ekki greiðslur upp í kröfu sína. Eftir þann tíma og fram til 4. desember 2006 liggur ekki fyrir að sóknaraðili hafi verið skráður fyrir fasteign né hafi verið vitað um aðrar eignir sem dygðu til tryggingar og fullnustu kröfu varnaraðila. Ber því að fallast á það með varnaraðila að fyrir þann tíma hafi ekki verið ástæða til að óska eftir endurupptöku aðfarargerðarinnar og að skilyrði voru til endurupptöku málsins, samkvæmt ákvæðinu, hinn 4. desember 2006, er sóknaraðili var orðinn eigandi eignar, sem unnt var að gera fjárnám í. Verður því litið svo á að gerðinni hafi verið haldið áfram án ástæðulauss dráttar eftir að beiðni um aðför til að fullnægja henni hafði borist sýslumanni, sbr. 52. gr. laga nr. 90/1989 og að varnaraðili hafi ekki sýnt af sér tómlæti við innheimtu kröfunnar. Ekki var heldur nauðsynlegt að leita fullnustu hjá aðalskuldara, samkvæmt skuldabréfinu, enda sóknaraðili sjálfskuldarábyrgðarmaður og varnaraðila því ekki þörf á að leita fyrst fullnustu hjá aðalskuldara og varnaraðili hafði dóm fyrir kröfu sinni samkvæmt fjárnáminu á hendur sóknaraðila.

Sóknaraðili kveður dráttarvaxtakröfu varnaraðila vera of háa. Endurupptökubeiðni sóknaraðila var leiðrétt, hinn 14. desember 2006, þar sem dráttarvaxtakrafa var lækkuð um rúmar tvær milljónir, og dráttarvaxta krafist í fjögur ár frá dagsetningu endurupptökubeiðni gerðarinnar. Vextir fynast á fjórum árum, samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Gat varnaraðili því krafist vaxta fyrir þann tíma af höfuðstól skuldarinnar, enda krafan í gjalddaga fallin og litið hefur verið svo á að varnaraðila hafi ekki sýnt af sér tómlæti við innheimtu kröfunnar.

Verður því fallist á kröfur varnaraðila um að staðfesta fjárnámsgerðina.

Eftir þessari niðurstöðu ber að úrskurða sóknaraðila til þess að greiða varnaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú R S K U R Ð A R O Ð

Hin kærða aðfarargerð, nr. 011-2006-16882, sem gerð var hjá sóknaraðila, Helga Jónssyni, hinn 14. desember 2006, er staðfest.

Sóknaraðili, Helgi Jónsson., greiði varnaraðila, Lánasjóði íslenskra námsmanna, 150.000 krónur í málskostnað.

Hervör Þorvaldsdóttir

